um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán til kaupa á togara og togveiðibát fyrir Ísafjörð og sjávarþorpin við Ísafjarðardjúp.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir h/f Ísfirðing á Ísafirði — eða fyrir samtök, sem kynnu að verða mynduð af Ísfirðingum og útgerðarmönnum í Bolungarvík, Hnífsdal og Súðavík — lán til kaupa á einum togara. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán fyrir samtök útvegsmanna í Bolungarvík til kaupa á 200 tonna togveiðibát.

Ábyrgðirnar mega vera fyrir upphæðum, er nema allt að 90% af kaupverði skipanna, enda sé kaupverðið ekki óeðlilega hátt að áliti ríkisstjórnarinnar og tryggingar settar, sem hún metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Rányrkja fiskimiðanna á undanförnum áratugum hefur ekki bitnað eins harkalega á neinum og vestfirzkum útgerðarmönnum og sjómönnum. Fyrir utan Vestfirði liggja ein beztu fiskimið togaraflotans. Þangað hafa hundruð togveiðiskipa sótt árlega og ausið þar upp geysilegum afla. Hefur þessi gífurlega ásókn erlendra og innlendra togara á hin vestfirzku mið haft í för með sér stöðugt minnkandi afla vélbátaflotans, en á honum hefur útgerð Vestfirðinga aðallega byggzt. Togaraútgerð hefur lengstum verið lítil í þessum landshluta. Þó er nú svo komið, að frá Ísafirði eru gerðir út 2 nýsköpunartogarar. Á Patreksfirði hefur einnig verið togaraútgerð með góðum árangri um alllangt skeið. Frá Þingeyri og Flateyri eru nú einnig gerðir út 2 gamlir togarar.

Vegna stöðugt versnandi afkomu vélbátaútvegsins vestra hefur fjöldi vestfirzkra sjómanna orðið að leita sér atvinnu í öðrum landshlutum, bæði á togurum og vélbátum. Er óhætt að fullyrða, að ef ekki verða fengin ný atvinnutæki til Ísafjarðar og sjávarþorpanna í nágrenni kaupstaðarins, muni fólk neyðast til að flytja þaðan. Í frv. þessu er lagt til, að snúizt verði á raunhæfan hátt gegn þessum vanda. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist nauðsynleg lán til kaupa á togara fyrir Ísafjörð og Bolungarvík, Hnífsdal og Súðavík. Enn fremur er lagt til, að ríkið ábyrgist lán til kaupa á 200 tonna togveiðiskipi fyrir Bolungarvík, en vegna erfiðra hafnarskilyrða þar á staðnum er skip af þeirri stærð talið henta bezt. Vegna þess að öll sjávarþorpin við Ísafjarðardjúp eru verulegan hluta ársins í akvegasambandi við Ísafjörð, geta þessir staðir allir hagnýtt afla togara, sem hefur bækistöð sína á Ísafirði. Bolungarvík hefur erfiðasta aðstöðu til þess, vegna þess að vegurinn þangað er lengst lokaður. Þess vegna er lagt til, að greidd verði gata Bolvíkinga til þess að eignast sitt eigið togveiðiskip.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni stjórnar togaraútgerðarfélagsins Ísfirðings h/f og hreppsnefndar og útgerðarmanna í Bolungarvík, Hnífsdal og Súðavík. Munu þær ráðstafanir, sem í því eru ráðgerðar, stuðla að mjög verulegum atvinnubótum í þessum byggðarlögum, sem orðið hafa harkalega fyrir barði rányrkju hinna vestfirzku miða.